

Leikskólinn Kópahvoll hlaut endurmat á viðurkenningu sem Réttindaskóli UNICEF á leikskólastigi vorið 2025. Rafræn úttekt var framkvæmd af verkefnastjórum UNICEF á Íslandi þar sem rætt var við fulltrúa frá leikskólanum; stjórnendur, kennara og foreldra.

Hér að neðan koma punktar sem komu upp í úttektinni sem hjálpa til við áframhaldandi innleiðingu Barnasáttmálans í leikskólann. Punktarnir eru flokkaðir eftir fimm markmiðum Réttindaskóla.

Barnasáttmállinn er orðið fastur hluti af daglegu starfi og orðræðu í Kópahvoli. Innleiðing Réttindaskóla UNICEF hefur styrkt þann grunn sem var þegar til staðar og skilað sér í aukinni virðingu, betri hlustun og sterkari rödd barna í ákvörðunum. Börn vísa sjálf í greinar Barnasáttmálans, starfsfólk þekkir réttindin og nýtt starfsfólk fær stuðning í gegnum markvisst teymisstarf. Réttindaráðið nær til allra barna með hugarkortum sem stuðlar að lýðræðislegri hugsun. Foreldrar upplifa að réttindin skili sér heim í samtölum og hegðun barna. Mikil fagleg umræða á skipulagsdögum og á starfsmannafundum hefur verið lykill að því að festa réttindafræðslu í sessi.

Þekking á réttindum barna

- Réttindafræðsla hefur aukist mikið síðustu tvö ár, m.a. í gegnum vinnustofur, skipulagsdaga og daglega umræðu.
- Verkefni eins og tíglaverkefnið og „umönnun, þátttaka og vernd“ hafa verið unnin yfir tvo skipulagsdaga og rædd ítarlega í öllum hópum.

Hugmyndir um framhald:

- Halda áfram að vinna með hverja grein fyrir sig í dýpt með elstu börnunum – t.d. með því að láta verkefnabókina liggja frammi á deild.
- Bjóða fleiri starfsmönnum upp á vinnustofur (t.d. grunn- og framhaldsnámskeið) til að viðhalda færni og áhuga.
- Kanna hvernig hægt er að miðla markvissri fræðslu til foreldra, t.d. í rafrænu formi.

Þátttaka barna og áhrif

- Öll börn eru hluti af Réttindaráðinu – unnið í smærri hópum með hugarkort
- Börnin koma með hugmyndir og þær eru þróaðar áfram í samvinnu við starfsfólk.
- Lýðræðishugsun og hlustun eru meginstoðir: „þau eru spurð – hvað langar þig að gera?“
- Raddir barna hafa áhrif á starf skólans, t.d. með breytingum á dagskrá og áherslum.
- Þátttaka barna skilar sér í auknum áhuga og sjálfsöryggi.

Hugmyndir um framhald:

- Halda áfram að nýta hugarkort og samþætta þau frekar við aðgerðaáætlanir.
- Skilgreina hlutverk elstu barnanna betur innan réttindaráðs og bjóða þeim upp á sértæk verkefni og aukna fræðslu.
- Efla skráningu á áhrifum barnanna á ákvarðanir í leikskólastarfinu.

Betri greining á stöðu barna

Hugmyndir um framhald:

- Framkvæma deildarstöðumat skipulega í haust – t.d. á starfsdegi – til að greina styrkleika og tækifæri innan hverrar deildar.
- Nýta niðurstöður stöðumats barna (t.d. upplifun í samveru og matartímum) til að móta skýrar aðgerðir og umbætur.
- Skrá áhrif aðgerða og breytinga á líðan barna og fylgja þeim eftir reglulega.

Aðgerðir sem bæta aðstæður barna

Hugmyndir um framhald:

- Setja fram aðgerðaáætlun 2025-2028 sem byggir á stöðumati.
- Halda áfram að tengja réttindaverkefni við önnur verkefni skólans – t.d. teymisvinnu og fjölbreytta menningu.
- Taka myndir og lyfta faglegu starfi upp

Samstarf

Hugmyndir um framhald:

- Meta hvort hægt sé að bjóða upp á rafræna fræðslu fyrir foreldra – t.d. hnitmiðað efni sem kynnir Barnasáttmálann og hlutverk foreldra.
- Koma á skipulögðu verklagi um hvernig fræðsla um greinar er kynnt foreldrum í tengslum við verkefnavinnu barna.
- Kanna hvort hægt sé að nýta viðburði betur til að sýna foreldrum réttindastarf og virkni barna innan þess.

Tímalína:

Veturinn 2025-2026: Nýtt stöðumat og vinna nýja aðgerðaáætlun

Maí 2026 – skil á aðgerðaáætlun og árlegri skýrsla

Maí 2027 – Skil á árlegri skýrslu

Maí 2028 – Lokaskýrsla fyrir úttekt og endurmat

Takk fyrir frábært samstarf og við hlökkum til framhaldsins.

Kærar kveðjur

Sigyn Blöndal og Unnur Helga